

Miðvikudaginn 16. febrúar 1983.

Nr. 43/1983. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst 14. febrúar 1983. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### **Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1983.**

Ár 1983, laugardaginn 12. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómarara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur krafist þess, að Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson sæti gæsluvarðhaldi til kl. 1700 miðvikudaginn 23. febrúar nk. vegna gruns um þjófnað og skjalafals.

Kærði hefur mótmælt kröfunni og lýst sig saklausan af grunsemdum.

Tilfni kröfunnar er, að Pétur Sigurðsson, skattendurskoðandi á skattstofu Reykjavíkur, fæddur 23. október 1933, sneri sér í gær til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þjófnað á veski sínu, sem hafði að geyma m. a. ávísanahefti á reikning hans í Búnaðarbankanum á Blönduósi. Kærandi hafði aðstoðað kærða við útfyllingu á skattframtali á skattstofunni.

Skömmu eftir að kærði var farinn af skattstofunni, saknaði kærandi veskisins.

Um kl. 1800 í gær var kærði handtekinn, er hann var að koma út úr bifreið sinni við Hlemmtorg. Einnig voru handtekin Einar Skagfjörð Steingrímsson, Tunguseli 8 hér í borg, fæddur 28. júní 1965, og Erna Björg Bjarnadóttir, Hagamel 48 hér í borg, fædd 4. apríl 1968. Við leit í bifreiðinni fannst ýmis varningur, m. a. tékkhefti kæranda.

Einar Skagfjörð, Erna Björg og Anna Katrin Stefánsdóttir, Heiðarlundi 7, Garðabæ, fædd 23. nóvember 1967, hafa öll borið við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni, að kærði hafi verið valdur að þjófnaðinum á skattstofunni og báðar stúlkurnar hafi falsað margar ávísanir, sem hafi verið seldar á ýmsum stöðum í Reykjavík. Ein ávísun er þegar komin fram, og var hún notuð í viðskiptum í söluskála við Dalbraut 1.

Kærði hefur alfarið neitað að vera valdur að þjófnaðinum og ávísanafölsun.

Rökstuddur grunur er á því, að kærði hafi stolið framangreindu veski og ávísanahefti svo og verið í vitorði í ávísanafalsi. Rétt þykir því með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og úrskurða kærða, Kristín Snæfeld Haukdal Styrmisson, til að sæta gæsluvarðhaldi, á meðan nauðsynlegt er vegna rannsóknar málsins, en þó ekki lengur en til kl. 1700 miðvikudaginn 23. febrúar 1983.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, fæddur 30. janúar 1958, sæti gæsluvarðhaldi, á meðan rannsóknarhagsmunir málsins krefjast, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 23. febrúar 1983, kl. 1700.